

**TJALDSVÆÐIÐ**  
**í Mosfellbæ**  
**Reglur og hagnýtar upplýsingar.**

**Umsjón tjaldsvæðisins**

Tjaldsvæðið er í umsjá starfsmanna Vinnuskóla Mosfellsbæjar sem staðsett er við Skólabraut .

Ekki er full gæsla á svæðinu og ekki næturvarsla.

**Aðgangur og verð**

1200. kr á mann pr nótt.

Frítt fyrir 12 ára og yngri.

Rafmagn 700 kr.

**Almennar reglur**

Tjaldsvæðið er fjölskyldusvæði og yngri en 18 ára skulu vera með forráðamanni. Við sérstakar aðstæður geta aldurstakmörk verið hærri.

Gestum ber að hafa samband við tjaldsvæðavörð og greiða dvalargjöld.

Umferð ökutækja á tjaldsvæðinu á að vera í lágmarki og er takmörkuð við akstur inn og út af svæðinu.

Ekki má rjúfa næturkyrrð, vera með háreysti eða valda óþarfa hávaða með umferð eða öðru.

Virða ber næturkyrrð milli 23.00 og 08.00.

Ölvun er bönnuð á tjaldsvæðinu.

Sorp skal sett í þar til gerð ílát og flokkað eftir þeim reglum sem gilda á tjaldsvæðinu.

Hundar mega aldrei vera lausir á tjaldsvæðinu eða valda öðrum gestum ónæði eða ótta.

Vinnið ekki spjöll á náttúrunni, húsnæði eða búnaði tjaldsvæðisins.

Brot á umgengnisreglum getur varðað við brottrekstri af tjaldsvæðinu.

Allur óþarfa akstur ökutækja er bannaður á tjaldsvæðinu.

### **Meðferð elds**

Bannað er að kveikja opinn eld á svæðinu. Farið varlega með grill og gastæki.

**Leggið ekki einnota grill beint á jörðina.**

Göngum vel um snyrtingar, þrífum eftir okkur að loknu uppvaski.

Brot á umgengnisreglum getur varðað brottrekstri af svæðinu.

Sýnum tillitssemi og kurteisi – njótum þess að dvelja hér saman.